

19.02.2004

Staðardagskrá fyrir Garðabæ 2004

Markmið og framkvæmdaáætlun unnin af umhverfisnefnd

Staðardagskrá 21 fyrir Garðabæ, er heildaráætlun sveitarfélagsins nokkuð fram á 21. öldina í samræmi við 28. kafla Dagskrár 21, sem samþykkt var á Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiro í Brasilíu 1992.

Staðardagskrá 21 er ætlað að vera forskrift að sjálfbærri þróun sveitarfélagsins, sem mótuð er í samvinnu við íbúa þess. Staðardagskrá 21 er frábrugðin hefðbundnum umhverfisáætlunum að því leyti að hún á ekki einungis að fást við mengun heldur einnig nýtingu auðlinda og samspil hennar við efnahagslega, félagslega og menningarlega þætti. Þetta krefst þess að samfélagið sé skoðað út frá öllum hliðum.

Með Staðardagskránni, sem byggð er upp af markmiðum og verkefnaskráum hyggst sveitarfélagið leggja sitt af mörkum til að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði á jörðinni.

Í framhaldi af samþykkt Staðardagskrárinnar mun bæjarstjórn fela nefndum þar sem það á við, forstöðumönnum og starfsmönnum stofnana eftir atvikum að útfæra og gera tillögur að útfærslum og tímasettum framkvæmdaáætlunum um hvern þátt. Hver stofnun mun síðan gera grein fyrir, í árlegu yfirliti, hvernig gengur að framkvæma þessa stefnu og verða þær niðurstöður síðan dregnar saman í árskýrslu bæjarfélagsins. Stöðumat og heildarendurskoðun Staðardagskrárinnar fer síðan fram á fjögurra til fimm ára fresti.

Bæjarstjórn tekur ákvörðun varðandi nánara fyrirkomulag og hefur yfirumsjón með framkvæmd þessarar stefnu m.a. með íbúáþing að leiðarljósi.

Markmið og framkvæmdaáætlun 2004

Meginmarkmið

Leiðarljós: Garðabær verði í fremstu röð bæjarfélaga við verndun umhverfis og náttúru og því eftirsóttur til búsetu sem vistvænn bær með heilnæmu og aðlaðandi umhverfi.

Skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru í góðri sátt hvort við annað.

Markmið: Unnið verði markvisst að úrbótum varðandi lífsskilyrði íbúa og umhverfi þeirra.

Markmiði þessu verður náð:

- Með almennri fræðslu um Staðardagskrá 21 og um alþjóðlegar skuldbindingar okkar.
- Með samvinnu við íbúa og félagasamtök þeirra, samtök atvinnulífsins og einstaka atvinnurekendur við gerð áætlana og framkvæmd þeirra.
- Með því að efla skilning íbúanna á stefnu Garðabæjar í umhverfismálum og virkri þátttöku í framkvæmd hennar.
- Með því að fela einum starfsmanni í hverri stofnun bæjarins að bera ábyrgð á því að Staðardagskrá 21 sé fylgt eftir.
- Með því að Garðabær beiti sér fyrir samstarfi nágrannasveitarfélaga um aðgerðir í umhverfismálum.
- Með því að gera reglulega úttekt og endurskoðun á framkvæmd Staðardagskrár 21.

Við tillögugerð skal verkefnum skipt eftir því sem hægt er í eftirtalda flokka:

- Mögulegt er að hefjast handa strax. (Viðmiðun eitt til þrjú ár)
- Brýnt að hefjast handa sem fyrst. (Viðmiðun tvö til sex ár)
- Verkefni sem vinna þarf stöðugt að. (Framvinda verkefna endurskoðuð á fjögurra til tíu ára fresti)

Mannlíf:

Leiðarljós: Að skapa þannig aðstæður að einstaklingum sé gert kleift að lifa auðugu lífi, vaxa og þroskast svo hann megi njóta hæfileika sinna sjálfum sér og öðrum til góðs og samfélaginu til framfara.

Markmið: Hlúa að heilbrigðu líferni og jákvæðum lífsstíl.

Tryggja félagslegt öryggi íbúa.

Gæði skólastarfs sé í fararbroddi. Þar er áhersla lögð á að einstaklingurinn fái notið sín við bestu uppvaxtarskilyrði.

Búa þannig að skólum bæjarins að öryggi og vellíðan fjölskyldunnar sé ávallt í fyrirrúmi.

Grunnskólinn verði vímuefnalaus og verulega dragi úr notkun vímuefna almennt.

Bæjarbúar séu hvattir til að koma hugmyndum sínum og skoðunum varðandi umhverfismál á framfæri t.d. á heimasíðu Garðabæjar.

Markmiðum þessum verður náð með því að:

- Halda uppi öflugri fræðslu um skaðsemi vímuefna.
- Bæjarfélagið verði virkt í mótun upplýsingasamfélagsins.
- Garðabær muni halda áfram uppbyggingu mannvirkja til íþrótta- og tómstundastarfs.
- Fylgja eftir jafnréttisáætlun Garðabæjar
- Veita foreldrum stuðning við að fylgja eftir reglum um útivistartíma barna.
- Styðja félagasamtök í viðleitni til að auka og hvetja til góðrar hreyfingar og útivistar.
- Styðja við og efla blómlega menningar- og liststarfsemi.
- Tryggja góða almenna þjónustu við borgarana og góða löggæslu.

Umhverfisfræðsla:



Leiðarljós: Þekking á umhverfismálum tryggir komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði.

Markmið: Stuðla að því að bæjarbúar séu meðvitaðir um hvernig þeir geta bætt líf sitt og afkomenda sinna með því að umgangast umhverfi sitt og náttúru af tillitsemi og umhyggju.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Flétta fræðslu um umhverfi okkar inn í nám á öllum skólastigum.
- Umhverfisfræðsla í grunnskólum Garðabæjar verði aukin.
- Fagstjóri í umhverfisfræðslu starfi á öllum skólastigum.
- Halda áfram gerð áhugaverðs kennsluefnis með það fyrir augum að styrkja tengsl ungra Garðbæinga við umhverfi sitt.
- Starfsemi vinnuskólans sé að hluta fólgin í umhverfisfræðslu, umhverfisverndun og náttúruupplifun.
- Starfsemi skólagarða sé öflug og vistvæn eins og kostur er.
- Studd verða verkefni, sem skólar og leikskólar skipuleggja á sviði gróðursetningar, náttúruskoðunar, jurta og fugla, eða önnur verkefni tengd umhverfisfræðslu.
- Koma á framfæri við almenning upplýsingum um stöðu umhverfis- og samfélagsmála.
- Auka þekkingu á umhverfinu með rannsóknum og miðlun upplýsinga.
- Fræðsluefni og upplýsingar verði aðgengileg m.a. með útgáfu á prentuðu máli og á heimasíðu bæjarins.

Skipulagsmál og samgöngur



Leiðarljós: Vandað skipulag, hvort sem það er svæðis-, aðal- eða deiliskipulag, auk góðra byggingarskilmála er mikilvægt varðandi vistvæna þróun samfélagsins.

Markmið: Við gerð aðalskipulags þarf að líta heildrænt á þróun sveitarfélagsins að því leyti sem náttúrufars-, félags-, efnahags- og menningarlegir þættir hafa áhrif á ráðstöfun lands til nýtingar og verndar.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Framkvæmdir valdi sem minnstri röskun á náttúrunni.
- Við gerð deiliskipulags íbúðahverfa verði gætt að hæfilega þéttri byggð með opnum svæðum.
- Vandað verður til kynninga á öllum stigum skipulags.
- Auka varnir gegn umferðarhávaða á skipulagsstigi.
- Stuðla að greiðum gagnaflutningsleiðum um öll hverfi bæjarins.
- Gera áætlun um langtímauppbyggingu stígakerfisins.
- Stígakerfi í bænum verði bætt og tengingum við stígakerfi aðliggjandi sveitarfélaga komið á. Strax verði bættar hjólreiðaleiðir meðfram Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut.
- Lýsing í bænum taki mið af öryggi vegfarenda en þó þannig að fólk geti notið næturhimins.
- Gæta öryggis við hönnun umferðamannvirkja.
- Tryggt verði að almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur.
- Unnið verði með nærliggjandi sveitarfélögum að því að tryggja verndun viðkvæmra svæða sem eru í landi fleiri sveitarfélaga en Garðabæjar.
- Leggja áherslu á að þetta byggð og lágreista. Kyrrlát og öruggt samfélag í nábýli við náttúruna.
- Strandlengjan verði gerð aðgengileg almenningi.

Landnýting og mengunarhætta í umhverfi



Leiðarljós: Landnýtingarstefna Garðabæjar miðast við að samræma vaxandi byggð, gróandi mannlíf og varðveislu náttúruverðmæta. Með því verður fólki best búin skilyrði til búsetu í bæjarfélaginu.

Markmið: Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu lands, varðveita náttúru- og menningarverðmæti og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Haga framkvæmdum þannig að sem minnstu sé raskað og það sem úrskaiðis fer sé lagfært svo fljótt sem hægt er.
- Við landnýtingu skal vernda fornleifar og mannvistarlag eins og kostur er.
- Kannað verði sérstaklega við endurskoðun aðalskipulags í námunda við strandlengju Gálgahrauns, Skóg- og Lambhúsatjarna hvort þrengi að fuglalífi eða geti valdið skaða á fjölbreyttum náttúruminum.
- Vinna stöðugt að bættum mengunarvörnum og vera viðbúin ef umhverfisslys eða óhöpp eiga sér stað.
- Kortleggja strandlengjuna og undirbúa viðbrögð við mengunarslysi.
- Hafa ávallt tiltækan nægan tækjabúnað og velpjálfað starfsfólk til að bregðast við mengunaráhöppum.
- Gera áætlun um verndun líffræðilegrar fjölbreytni í og við Urriðavatn og Lambhúsa- og Skógtjarnir.
- Gera sams konar áætlun um verndun lífríkis og vatnasviðs Vífilsstaðavatns ef vatnsvernd verður aflétt.
- Gengið verði eftir því að frágangur tað- og rotþróa sé eins og reglur kveða á um.
- Viðhalda stefnu Garðabæjar að heimila ekki lausagöngu búfjár. Búfjánhald verði takmarkað og sauðfé verði í sérstökum beitarhólfum til sumararbeitar.
- Vöktun með lækjum verði eflað, fiskgengd tryggð og lagt mat á hvort frekari úrbóta sé þörf.
- Stuðla að minnkun á notkun eiturefna í heimilisgörðum.

Útivist:



Leiðarljós: Stuðla að því að íbúarnir geti stundað heilnæma útivist á öruggum svæðum, án þess að valda tjóni á viðkvæmri náttúru.

Markmið: Að skapa aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar og útivistar.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Garðabær muni áfram bæta aðstöðu til útivistar á stöðum sem hafa útivistargildi.
- Styðja og hvetja félög og almenning til virkrar starfsemi á þessu sviði.
- Útivistaraðstaða í Garðabæjarhluta Heiðmerkur verði til fyrirmyndar.
- Áfram verði haldið að bæta stígakerfi.
- Áhersla verði lögð á að bæta tengingar við nágrannabyggðarlögin svo að fólk komist gangandi og hjólandi milli bæja.
- Vinna áfram að gerð fræðslustíga um náttúru og/eða sögu, með upplýsingaskiltum.
- Öryggismál á leiksvæðum og opnum svæðum bæjarins verði ávallt í góðu lagi.
- Fjölga ruslafötum við göngustíga og á leiksvæðum.

Náttúruvernd og menningarminjar:



Leiðarljós: Sérstætt landslag, náttúru- og söguminjar, sérstök búsvæði og kjörlendi plantna og dýra njóti verndar.

Markmið: Viðhalda fjölbreytileika tegunda og varðveita sérstök búsvæði tegunda og jarðmyndanir.

Sögulegar minjar gerðar lifandi og aðgengilegar með góðum upplýsingum.

Núverandi og fyrrverandi votlendi og tjarnir verði rannsökuð með verndun og endurheimt í huga.

Varðveitt verði óraskað land á framtíðar vatnstökusvæði.

Markmiðum þessum verður náð með því að:

- Skilgreina bæjarvernd á viðkvæmum svæðum.
- Friðlýsa svæði sem hafa einstakt gildi á landsvísu.
- Koma fyrir útvistarstígum þar sem það á við.
- Auka upplýsingagjöf til almennings með skiltum
- Kortavefur bæjarins sé í stöðugri framþróun.
- Vinna áfram að og styrkja rannsóknir á t.d. lífríki vatna til að auðvelda ákvarðanatöku og til að auka vitneskju almennings um fjölbreytileika lífríkisins.
- Kappkosta að varðveita náttúrulegt flæði lækja.
- Gera áætlun um að vernda sögulegar minjar og gera þær aðgengilegar.
- Kortleggja og varðveita minjar frá seinni heimsstyrjöld.

Atvinnulíf:



Leiðarljós: Atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð verði í sátt.

Markmið: Garðbær stuðli að blómlegu atvinnulífi.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Garðabær hlúi að vaxandi atvinnustarfsemi í bænum.
- Tryggja góða sátt atvinnulífs og íbúa með góðu skipulagi, skýrum byggingarskilmálum og góðri þátttöku í vinnu við staðardagskrá.
- Fyrirtæki í Garðabæ viðhafi nauðsynlegar mengunarvarnir.
- Koma upp bifreiðastæðum fyrir vinnutæki og stærri bifreiðar á sérstökum skilgreindum stæðum.
- Stuðla að góðum lóðafrágangi við atvinnustarfsemi.
- Atvinnulíf Garðabæjar sé fjölskylduvænt með aðlaðandi miðbæ. Atvinnulíf verði fjölbreytt á sviði viðskipta, iðnaðar og hátækni og annarra greina sem tengjast því sem fyrir er.

Neysluvatn:



Leiðarljós: Neysluvatn Garðbæinga verði ávallt nægt, heilnæmt og gott.

Markmið: Að tryggja gæði neysluvatnsins með fyrirbyggjandi aðgerðum á vatnsverndarsvæðum og með traustum rekstri vatnsveitu

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Eftirlit verði haft á verndarsvæði og með sífelldri vöktun neysluvatns.
- Framkvæmdaáætlun verði gerð um úrbætur á verndarsvæði núverandi vatnsbóla.
- Komið skal í veg fyrir alla röskun á verndarsvæði framtíðar vatnsbóla.
- Kannað verði eins fljótt og kostur er framkvæmd við ný vatnsból í samstarfi við nágranna sveitarfélög.

Vistvæn innkaup:



Leiðarljós: Draga úr allri sóun og auka þekkingu starfsfólks á samspili neyslu og umhverfis.

Markmið: Draga úr notkun óæskilegra efna og auka umhverfisvitund.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Í hverri stofnun bæjarins verði einn starfsmaður sem ber ábyrgð á því að Staðardagskrá 21 sé fylgt eftir.
- Taka upp umhverfisbókhalda í stofnunum bæjarins.
- Koma á umhverfisvænni innkaupastefnu.
- Hvetja íbúa bæjarins til að taka þátt í fjölskylduverkefningu Vistvernd í verki (GAP), sem stuðlar að breyttu neyslumynstri fólks.

Orkunotkun:



Leiðarljós: Að nýta auðlindirnar á vistvænan hátt.

Markmið: Að orkunotkun Garðbæinga valdi lágmarks álagi á náttúruna.
Að stuðla að umhverfissvænni samgöngum með vistvænni orkugjöfum.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Unnið verði að því að auka og bæta almenningssamgöngur og athugaður möguleiki notkun vistvænni orkugjafa í strætisvagni sem ætlað væri að þjóna innanbæjarakstri.
- Helstu gönguleiðir til og frá skólum verði gerðar eins öruggar og kostur er. Þær kortlagðar og kynntar börnum og foreldrum í viðkomandi skóla og á vef bæjarins. Hvetja nemendur til að ganga til og frá skólum.
- Garðabær styrki akstur skólanemenda og hvetji foreldra til að nýta sér þann kost, í stað þess að aka börnum í skóla.
- Nýta rafmagnsbifreiðar þar sem þær geta nýst í störfum sveitarfélagsins.
- Endurbæta hjólreiðastíga og með því að auðvelda fólki að taka reiðhjól með í almenningsvagna.
- Hvetja íbúa og fyrirtæki að fara sparlega með neysluvatn. Sírennsli er neikvæð lausn.
- Hvetja íbúa til hófsemi í orkunotkun.

Fráveita:



Leiðarljós: Koma í veg fyrir að mengun berist í læki, tjarnir og vötn og að lágmarka losun óæskilegra efna í fráveitu.

Markmið: Fráveitumál í Garðabæ verði til fyrirmyndar og hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruna.

Markmiði þessu verður náð með:

- Reglulegu eftirliti og hreinsun fráveitukerfa.
- Stöðugri umhverfisvöktun með lækjum, vötnum og grunnvatni.
- Kröfum til fyrirtækja um hreinsun fráveituvatns þar sem við á.
- Úrbótum strax, hvenær sem eftirlit eða vöktun gefa tilefni til.
- Því að fylgjast með ofanvatni og hvort hugsanleg „efnamettun“ eigi sér stað í grennd við rotþrær og taðþrær.
- Því að gera úttekt á holræsakerfi bæjarins í eldri hverfum og endurbæta, þannig að útilokað sé að skólpmengað vatn komist í affall og frárennsli ofanvatns.
- Að hvetja almenning til að tjöruþvo bifreiðar sína fremur í bílaþvottastöðum eða á þvottaplönnum bensínstöðva en á bílastæðum í íbúðahverfum.

Meðferð úrgangs:



Leiðarljós: Draga úr myndun úrgangs og stuðla sem mest að endurnýtingu eða endurvinnslu.

Markmið: Garðabær mun stuðla að því að meðhöndlun úrgangs hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Kanna möguleika á innheimtu gjalda fyrir sorphirðingu samkvæmt vigt.
- Gjaldtaka standi undir öllum kostnaði sveitarfélagsins vegna úrgangsmála í samræmi við mengunarbótaregluna
- Flokka úrgang á stofnunum bæjarins.
- Stuðla að því að stofnanir bæjarins skipuleggi notkun á umhverfisvottuðum vörumerkjum og á endurnýtanlegum vörum.
- Fjölga grenndarstöðvum.
- Auka áróður fyrir flokkun úrgangs og hvetja fólk til að nýta endurvinnslustöðvar Sorpu sem mest, t.d. fyrir bylgjupappa þar með taldar pizzumbúðir, garðaúrgang og pappír.
- Að nýta að nýju eða endurvinna þann úrgang sem hæfur er til þess.
- Tryggja íbúum greiðan aðgang að fræðslu og upplýsingum um lágmörkun úrgangs, jarðgerð á lífrænum úrgangi og aðrar aðgerðir á þessu sviði, sem hægt er að grípa til í almennum heimilisrekstri.

- Garðabær haldi áfram stuðning við fjölskylduverkefnið Vistvernd í verki, sem stuðlar að lágmörkun úrgangs.
- Vinna að því að flokkun sorps á heimilum sé möguleg.
- Tryggja að í skipulagi og við gerð lóðarleiguskiðmála verði get ráð fyrir möguleikum á flokkun úrgangs frá heimilum.

Hávaði og loftmengun :



Leiðarljós: Að koma í veg fyrir að hávaði og loftmengun berist frá umferðaræðum í íbúðarhverfi.

Markmið: Að gæðamarkmiðum reglugerða um hávaða og loftgæði verði náð.

Að tryggja við gerð skipulags að íbúahverfi verði laus við ónæði, mengun eða óþarfa umferð.

Markmiði þessu verður náð með því að:

- Reikna út og mæla umferðarhávaða og loftmengun á völdum stöðum í íbúðarhverfum og í ljósi þeirra niðurstaða vinna að úrbótum í skipulagi og með viðeigandi mótvægis-áðgerðum.
- Koma upp skiltum gegn lausagangi bifreiða á almenningsbílatastæðum og við stofnanir bæjarins.
- Á skipulagsstigi verði gerð athugun á breytingu á hávaðastigi og útblæstri ökutækja.
- Skipuleggja ný íbúðarhverfi með flokkuð gatnakerfi til að lágmarka hávaða og aðra mengun.

Meindýr:



Leiðarljós: Að koma í veg fyrir að meindýr nái bólfestu í Garðabæ.

Markmið: Að stöðva á frumstigum vöxt og viðgang hvers kyns meindýra í sveitarfélaginu án óhóflegrar notkunar eiturefna.

Markmiði þessu verður náð með:

- Eftirliti og viðgerðum á fráveitukerfum.
- Mjög hóflegri notkun eiturefna þegar þörf krefur
- Því að sporna við útbreiðslu minks og kanína. Kanínur hafa tekið sér bólfestu í Vífilsstaðahlíð og valda þar spjöllum á gróðri.
- Að sporna við offjölgun vargfulgs.